

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Helguvík Helguvík



Dags eftirlits	21.9.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Helguvík	Fulltrúi UST	Hrönn G. Guðmundsdóttir
Heimili	Stakksbraut 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4702072800	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Torfi Dan Sævarsson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Haukur Einarsson	Staðsetning	325803,637 396347,214

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsemi er ekki hafin í Norðurál Helguvík. Engin frávik né athugasemdir komu fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsheimsóknin hófst á umræðum um stöðu framkvæmda á svæðinu. Ekki er unnið á svæðinu sem stendur en svæðið er vaktað af öryggisverði sem kemur á svæðið þrisvar sinnum á sólarhring. Svæðið er jafnframt afgirt og lokað fyrir óviðkomandi umferð.

Þá var rætt um gagnaskil samkvæmt starsleyfi. Starfsemi er ekki hafin og því er ekki gerð krafa um skil á gögnum vegna starfseminnar að svo stöddu. Rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun núllskýrslu varðandi Grænt bókhald og Útreymisbókhald fyrir árið 2014, þann 30.apríl sl. Óskað er eftir að rekstraraðili sendi stofnuninni slíkar núllskýrslur varðandi Grænt bókhald og Útreymisbókald árlega þar til starfsemin hefst. Minnt var á að samkvæmt starsleyfi skal áætlun vegna rekstrarstöðvunar liggja fyrir 12 mánuðum fyrir gangsetningu. Stofnunin óskar jafnframt eftir að viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggja fyrir amk 12 mánuðum fyrir gangsetningu, mæliáætlun um innri mælingar 6 mánuðum fyrir gangsetningu en trygging vegna bráðamengunar áður en gangsetning hefst.

Þá var rætt um vöktunaráætlun Norðuráls sem er í vinnslu. Rekstraraðili mun senda uppfærða tillögu að vöktunaráætluninni þar sem að tekið hefur verið tillit til athugasemda umhverfisstofnunar sem tilgreindar voru í tölvupósti 11.september sl. Þá var minnt á að æskilegt er að bakgrunnsrannsóknir hefjist amk 12 mánuðum fyrir gangsetningu.

ANNAÐ

Umhverfisstofnun sendi Norðurál í Helguvík og kísilmálmverksmiðjunum Thorsil og United Silicon bréf varðandi sameiginlega vöktun þann 11. september sl. þar sem að fyrirtækjunum var bent á kröfur stofnunarinnar varðandi umhverfisvöktun í Helguvík. Mikilvægt er að niðurstöður vöktunarinnar séu teknar saman á heildstæðan hátt og telur stofnunin að brýnt sé að sameiginleg vöktunaráætlun liggja fyrir í upphafi þar sem að skýrt er tekið fram hvaða vöktun hvert og eitt fyrirtæki muni standa fyrir þar til hin fyrirtækin bætast við.

Reykjavík, 21.10.2015

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.